

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 150.00

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. nóvember 1947.

Nr. 91/1947. **Réttvísinn** (Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

Jóhanni Ásgrími Guðjónssyni

(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Skjalafals.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Ásgrímur Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Magnúsar Thorlacius og Guttorms Erlendssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. febrúar 1947.

Ár 1947, laugardaginn 22. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Bergi Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 471/1947: Réttvísinn gegn Jóhanni Ásgrími Guðjónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Jóhanni Ásgrími Guðjónssyni sjómanni, Grundarstíg 11 hér í bæ, fyrir brot gegn XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12, febrúar 1940 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. júlí 1923

í Bolungarvík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

- 1941 $2\frac{1}{2}$ Undir eftirliti á Ísafirði skv. 30. gr. hegningarlaga til $\frac{3}{7}$ 1942.
- 1941 $2\frac{1}{3}$ Áminning á Ísafirði fyrir brot gegn 17. gr. laga nr. 33/1935.
- 1941 $1\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi, skilorðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað og akstur á ljóslausu reiðhjóli.
- 1942 $3\frac{3}{4}$ Sátt á Ísafirði, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. laga nr. 33/1935.
- 1943 $\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Ísafjarðar, 40 daga fangelsi og sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1944 $\frac{1}{2}$ Sátt á Ísafirði, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. laga nr. 33/1935.

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem upplýst er í málinu á annan hátt, eru málavextir þessir:

Föstudaginn 6. desember s. l. fór ákærði inn í skrifstofu Gunnars Guðjónssonar skipamiðlara, Tryggvagötu 28 hér í bæ, til að taka við eins dags vinnulaunum sínum. Ákærði sá á vinnulista, sem lá þar á afgreiðsluborðinu, að maður að nafni Guðsteinn Jónsson átti ógoldin vinnulaun að upphæð rúmar 200 krónur. Datt ákærða þá í hug að taka þessi vinnulaun Guðsteins út. Ákærði tók nú við vinnulaunum sínum og fór út úr skrifstofunni, en kom inn aftur eftir nokkra stund. Spurði hann eftir vinnulaunum Guðsteins og voru afhent þau, kr. 200.48. Kvittaði ákærði fyrir móttöku þeirra með því að rita nafn Guðsteins Jónssonar í kvittanabók vinnulistans fyrir aftan nafn Guðsteins á honum. Ákærði kannaðist ekkert við Guðstein og hafði ekki hugmynd um, hvornig hann ritaði nafn sitt. Ritaði ákærði nafn hans, eins og honum var eðlilegast, og breytti ekkert rithönd sinni. Ákærði eyddi vinnulaunum Guðsteins í drykkjuslark um kvöldið.

Sama dag ætlaði Guðsteinn Jónsson að fá greidd nefnd vinnulaun sín, en þá hafði ákærði þegar hirt þau, svo sem fyrr greinir. Var nú málið kært til rannsóknarlögreglunnar, og viðurkenndi ákærði daginn eftir brot sitt. Ákærði hefur nú endurgreitt Guðsteini vinnulaunin.

Ákærði hefur með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jóhann Ásgrímur Guðjónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. nóvember 1947.

Nr. 61/1946. Páll Bjarnason (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Þorkeli Þorleifssyni

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Deilt um rétt til umferðar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. maí f. á., krefst þess:

1. að vegur sá, sem liggur á lóðamörkum Bústaðabletts VIII (Hreiðurs) og Bústaðabletts IX (Lækjar), sé sameign aðilja, enda eigi ábúandi Hreiðurs umferðarrétt um veginn.
2. að stefnda verði gert að nema burtu girðingu, sem hann hefur lagt eftir miðju nefnds vegar, að viðlögðum 200 króna dagsektum til áfrýjanda.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðiljar máls þessa búa á tveimur erfðaleigulöndum, Bústaðabletti 8 (Hreiðri) og Bústaðabletti 9 (Læk). Liggja lönd þessi samhliða. Erfðaleiguhafar þeir, sem reistu hús þarna 1932, komu sér saman um að leggja sameiginlegan veg heim undir íbúðarhús sín eftir lóðamörkunum. Notuðu